

REGLUGERÐ

224

20. des.

um viðauka við gjaldskrá og reglur fyrir landssímann, útg. 14. sept. 1961.

VI. KAFLI

Símskeytagjöld. A. Gjald fyrir innanlandsskeyti.

Á eftir 16. lið kemur nýr liður, 17. liður, svo hljóðandi:

Útvarpsauglýsingaskeyti:

Útvarpsauglýsingar og tilkynningar má senda Ríkisútvarpinu í símskeyti frá landssímastöðvum utan Reykjavíkur og Hafnarfjarðar. Utanáskrift þessara skeyta skal vera Útvarp Reykjavík og skulu þau merkt á eftirfarandi hátt eftir því, hvenær þau eiga að lesast í Ríkisútvarpinu: HD, MD, FKF, EKF, sem þýðir hádegisútvarp, miðdegisútvarp, fyrir kvöldfréttir, eftir kvöldfréttir.

Ef skeytin eiga að lesast oftast en einu sinni, skal setja tölustafi fyrir framan einkunnarorðin, sem gefa til kynna, hve oft skeytin eiga að lesast í hverjum auglýsingatíma.

Gjald fyrir þessi skeyti er:

- a) venjulegt símskeytagjald innanlands,
- b) útvarpsgjald.

Símskeytagjaldið reiknast af öllum orðum skeytisins, þar með talin einkunnarorðin. Útvarpsgjaldið reiknast aðeins af þeim orðum, sem lesast eiga í Ríkisútvarpinu, og er gjald fyrir hvert slíkt orð kr. 8.00. Fyrir dánar- og jarðarfaratilkygningar reiknast kr. 4.00 fyrir orðið, og fyrir messutilkynningar kr. 6.00 fyrir orðið.

Lágmarksgjald útvarpsauglýsingaskeyta miðast við 4 orða skeyti.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 12. gr. laga nr. 30 1941, um fjarskipti og gengur í gildi 1. janúar 1962.

Póst-og símamálaráðherrann, 20. desember 1961.

Ingólfur Jónsson.

G. Briem.

REGLUGERÐ

225

20. des.

um holræsi á Kópaskeri í Presthólahreppi.

1. gr.

Þegar Presthólahreppur hefur látið leggja holræsi í veg, götu eða annað opið svæði, er þeim húseigendum, er þar eiga hús að eða í námunda við og í holræsið geta náð, skylt að leggja á sinn kostnað ræsi frá húsinu, er flytji allt skólp frá því út í aðalræsið. Regnvatn af húsum skal einnig, ef unnt er, leiða í ræsið. Vanræki einhver að láta gera holræsi frá húsi sínu í aðalræsi, innan hæfilegs frests, sem hreppsnefnd setur, getur hreppsnefndin látið vinna verkið á kostnað húseiganda.

225

20. des.

2. gr.

Öll framkvæmdastörf, sem aðalholræsakerfi hreppsins varða, svo sem viðhald, endurbætur, viðauka og umsjón alla, annast hreppsnefnd eða maður, sem hún felur það. Þóknun fyrir þau störf og einnig reikningshald eða annað vegna holræsanna, ákveður hreppsnefnd.

Engum er heimilt að leggja ræsi í aðalræsi, nema að fengnu leyfi framangreindra aðila, og er mönnum skylt að hlýta fyrir mælum þeirra um gerð og legu ræsis og annað það, er máli skiptir í þessu sambandi.

3. gr.

Kostnaður allur við holræsakerfið, þar með talið viðhald, greiðist úr hrepps-sjóði. Til að standast þann kostnað ber hverjum húseiganda, sem á hús að eða í námunda við götu, veg eða opið svæði, sem holræsi er lagt í, að greiða tengigjald um leið og hann tengir ræsi sitt við aðalræsi, kr. 1000.00, miðað við hús með einni íbúð. Hækkar gjald þetta um kr. 400.00 fyrir hverja íbúð í húsinu umfram eina.

Auk tengigjalds greiði hver húseigandi holræsagjald til Presthólahrepps, kr. 150.00 af hverju húsi, en kr. 75.00 á íbúð í húsi umfram eina, og enn fremur 0.5% af fasteignamati hússins.

4. gr.

Hið árlega holræsagjald svo og tengigjaldið, getur hreppsnefnd hækkað eða lækkað eftir atvikum um allt að 50% án staðfestingar ráðuneytisins.

5. gr.

Holræsagjaldið greiðist af húseiganda og er hann einn ábyrgur fyrir greiðslu þess gagnvart hreppsnefnd.

Kröfur, sem hreppsnefndin kann að öðlast samkvæmt reglugerð þessari, má taka lögtaki á kostnað gjaldanda, og eru gjöld þessi tryggð með lögveði í húseigninni í næstu tvö ár eftir gjalddaga, með forgangsveðrétti fyrir hvers konar sammings- og aðfararveði.

Gjalddagi holræsagjaldsins er 30. sept. ár hvert, í fyrsta sinn 1962.

6. gr.

Mál út af brotum gegn reglugerð þessari skal farið með sem opinber mál.

Reglugerð þessi, sem hreppsnefnd Presthólahrepps hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 15 20. júní 1923, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 20. desember 1961.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.